

Hér á eftir fer umbótaáætlun Grunnskóla Húnaþings vestra í kjölfar ytra mats sem framkvæmt var af Menntamálastofnun á vorönn 2019. Einnig eru sett fram umbótaáætlun vegna atriða sem komu fram í foreldrakönnun á sama tíma.

Umbótaáætlunin skiptist í fimm þætti. Í fjórum þeirra settu matsmenn Menntamálastofnunar fram sínar tillögur um tækifæri til úrbóta en í einum setti matsteymi fram tækifæri til úrbóta úr niðurstöðum foreldrakönnunar. Matsteymi skólans sitja fulltrúar kennara og starfsmanna en eftir áramót verður matsteymi útvíkkað með aðkomu allra hagsmunaaðila úr skólasamfélaginu. Umbótaáætlun verður svo breytt í starfsáætlun hvers teymis/ábyrgðaraðlia til framkvæmda til að fylgja eftir verkþáttum og mati á árangri í kjölfar þeirra.

Í matsteyminu sitja

Ellen Mörk Björnsdóttir, kennari

Eydís Bára Jóhannsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Eydís Ósk Indriðadóttir, stuðningsfulltrúi

Hafdís Brynja Þorsteinsdóttir, stuðningsfulltrúi

Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri

Sólrún Guðfinna Rafnsdóttir, kennari

Efnisyfirlit

Stjórnun og fagleg forysta	2
Nám og kennsla	6
Innra mat	8
Læsi	9
Foreldrakönnun 2019	10

Stjórnun og fagleg forysta

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta</u>					
Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans.	<p>Undirbúningur við gerð skóla- og menntastefnu fyrir Húnaþing vestra er hafin. Endanlegt ferli hefur ekki verið ákveðið en stjórnendur og Fjölskyldusvið Húnaþings vestra leggja áherslu á víðtaekt samráð allra hagsmunaaðila skolasamfélagsins.</p> <p>Nemendur hafa tækifæri til þátttöku stefnumótunar á reglulegum fundum nemendaráðs. Tillögur koma fram og fá umræðu á bekjkarfundum. Einnig hafa nemendur bein áhrif í starfi skólaráðs. Samsetning matsteymis verður endurskoðuð svo nemendur komi að þeirri vinnu.</p> <p>Foreldrar hafa tækifæri til þátttöku stefnumótunar í skólaráði og fræðsluráði. Samsetning matsteymis verður endurskoðuð svo nemendur komi að þeirri vinnu.</p>	Hafið	Vor 2020	Fjölskyldusvið Húnaþing vestra og matsteymi.	Innra mat 2020-2021

	<p>Starfsmenn eru virkjaðir í stefnumótunarstarfi skólans í starfsmannaviðtölum, fundum og í beinum tillögum í skólaráði og við stjórnendur skólans. Starfsmenn sitja í matsteymi.</p> <p>Endurskoða þarf samsetningu matsteymis.</p>				
Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.	Verklagi hefur verið breytt við starfsmannafundi. Þeir aðilar sem ekki áttu kost á að mæta er nú skipt niður á daga og eiga kost á því að mæta á starfsmannafund einu sinni í viku.	Haust 2019.	Lokið.	Skólastjórnendur.	Starfsmannaviðtöl 2020.
Gera skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár	Gerð nýrrar skólanámskrár er hafin með aðkomu allra kennara skólans. Þeim var gert að skila kennsluáætlunum í upphafi skólaársins þar sem fram komu viðmið aðalnámskrár. Þessi viðmið verða grunnur að nýrri skólanámskrá sem mun gefa góða og ígrundaða mynd af áherslum, starfsháttum og hæfniviðmiðum hvers árgangs.	Haust 2019.	Vor 2020.	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Tryggja að sérstaða skólans sé ljós öllum hagsmunaaðilum	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Allir hagsmunaaðilar ígrundi og hafi áhrif á sérstöðu skólans. Sérstaða skólans komi fram í inngangi skólanámskrár.	Haust 2019.	Vor 2020.	Fjölskyldusvið Húnabings vestra og skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.

Skrá þarf samskipti við framhaldsskóla í skólanámskrá	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Skrá samskipti t.d. vegna ensku og stærðfræði og hvaða viðmið hafa verið sett um nám í framhaldsskóla.	Janúar 2020.	Vor 2020.	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Huga þarf að skólabókasafni í skólahúsnaðinu	Skólabókasafn hefur verið útfært í viðbyggingu við skólann.	Vor 2020	Haust 2022	Byggingarnefnd.	Innra mat 2022-2023
Skólaráð setji sér starfsreglur og birti fundargerðir opinberlega	Skólastjóri mun taka málið upp á fundi skólaráðs. Eldri fundargerðir sem hafa verið birtar sem fréttir settar á réttan stað á heimasíðu.	Desember 2019.	Desember 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2020-2021.
Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins	Skólastjóri mun taka málið upp á fundi skólaráðs.	Desember 2019.	Desember 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2020-2021.
Skrá í skólanámskrá ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Þróun leiðsagnarmats er lokið og unnið er að lokaútfærslu birtingu námsmats til foreldra.	Janúar 2020.	Vor 2020.	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Tímasetja þróunarverkefni í umbótaáætlun	Næstu þróunarverkefni verið tímasett.	Hafið.	Janúar 2020.	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Tengja símenntunaráætlun við umbótaverkefni	Unnið samhliða gerð skólanámskrár. Efniviður í símenntunaráætlun fenginn í starfsmannavíðtölum.	Nóvember 2019.	Vor 2020.	Matsteymi.	Innra mat 2020-2021.
Gera grein fyrir verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra og birta á heimasíðu	Skólastjórnendur skrá niður verkaskiptingu og birta á heimasíðu. Einnig skráð í skólanámskrá.	Janúar 2019	Janúar 2019	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf	Skólastjórnendur koma með tillögu að verklagi og ræði við kennara. Matsteymi vinnur nánar úr útfærslum.	Hafið.	Vor 2020	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Skrá ábyrgðaraðila þróunarverkefna	Unnið samhliða gerð skólanámskrár.	Janúar 2020.	Vor 2020.	Skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.

Huga þarf að stefnu um heilsueflingu starfsmanna	Matsteymi setur fram hugmyndir um framkvæmd heilsueflingar á grundvelli hugmynda úr starfsmannnaviðtölum.	Desember 2019.	Desember 2020.	Skólastjórnendur.	Innra mat 2019-2020.
Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda	Unnið samhliða gerð skólanámskrár.	Nóvember 2019.	Vor 2020	Matsteymi, sérkennari og skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Gera þarf tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla	Vinnsluskrá skólans tekur á þessu ferli. Það verður skráð í skólanámskrá.	Nóvember 2019.	Vor 2020	Matsteymi.	Innra mat 2020-2021.

Nám og kennsla

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
Tryggja þarf lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldursstigum	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. Þar er lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð. einnig skoðað að setja list- og verkgreinar fast á stundaskrá óháð vali í stað bundins vals.	Maí 2019.	Júní 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2019-2020.
Tryggja skal samræmi milli viðmiðunarstundaskrár í starfsáætlun og vikulegs tímafjölda námsgreina á stundaskrám	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. Þar er lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð.	Maí 2019.	Júní 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2019-2020.
Setja skal inn í stundatöflur á elsta stigi list- og verkgreinar, óháð vali	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. List- og verkgreinar eru nú á stundatöflu og val til viðbótar.	Maí 2019.	Júní 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2019-2020.
Samræma uppsetningu á markmiðum og leiðum í árganganámskrám/námsvísum og í kennsluáætlunum.	Ný uppsetning á kennsluáætlunum haustið 2019 tryggir þetta. Sjá má kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.	Ágúst 2019.	Maí 2020.	Skólastjóri.	Innra mat 2020-2021.
Gera grein fyrir markmiðum náms og tengslum við aðalnámskrá í námsvísum.	Ný uppsetning á kennsluáætlunum haustið 2019 tryggir þetta. Sjá má kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.	Ágúst 2019.	September 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2019-2020.
Láta koma fram í námsvísum/kennsluáætlunum	Ný uppsetning á kennsluáætlunum haustið 2019 tryggir þetta. Sjá má kennsluáætlanir á heimasíðu skólans.	Ágúst 2019.	September 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2019-2020.

hvernig námsaðlögun er háttað.					
Huga að því að nemendur séu með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.	Samráð haft við foreldra og nemendur á teymisfundi þegar við á.	Haustið 2019.	Maí 2020.	Matsteymi og skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Þjálfa nemendur markvisst í að setja sér markmið og nýta í náminu.	Innleiðing leiðsagnarmats á síðustu þremur árum leggur áherslu á þessa þætti. Unnið er að því að samræma námsmat á mentor.is og Google classroom til að styrkja leiðsagnarmatið.	Haustið 2019.	Maí 2020.	Matsteymi og skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Vinna að því að ná stöðugleika í samræmdum prófum í fjórða og sjöunda bekk og bæta árangur í prófunum á elsta stigi.	Endurskoðað verður verklagið „Markviss yfirferð samræmdra prófa“. Úrvinnsla Skólapúlsins á samræmdum prófum verður nýtt við þá vinnu.	Febrúar 2020	Maí 2020	Matsteymi og skólastjórnendur	Innra mat 2020-2021.
Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.	Unnið er að auknum möguleikum á þessu sviði í gegnum Google classroom og með undirbúnингi áhugasviðstengdra þemadaga í mars 2020.	Haustið 2019.	Maí 2020.	Matsteymi og skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.

Innra mat

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
Fjalla ætti um í skólanámskrá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.	Settur verður sér kafli í skólanámskrá um aðferðir í innra mati skólans.	Janúar 2020.	Maí 2020	Matsteymi og skólastjórnendur.	Innra mat 2020-2021.
Setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu	Settur verður sér kafli í starfsáætlun um hvaða þættir verða skoðaðir í innra mati skólans.	Janúar 2020.	Janúar 2020.	Matsteymi og skólastjórnendur.	Innra mat 2019-2020.
Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaðila að innramatsteymi.	Matsteymi setur fram tillögur um aðkomu annarra hagsmunaðila en starfsmanna skólans.	Ferbúar 2020.	Maí 2020.	Matsteymi.	Innra mat 2019-2020.
Leggja reglulega lagt mat á kennslu og fagmennsku kennara.	Skólastjórnendur hafa kynnt hugmyndir að mati á kennslu og fagmennsku kennara á kennarafundi haustið 2019. Frekari umræða um framkvæmd og nálgun er nauðsynleg í matsteymi og kennarahópnum. Einnig þarf að skoða leiðir til að leggja mat á störf annarra starfsmanna skólans og stjórnenda.	Haustið 2019.	Maí 2020.	Matsteymi.	Innra mat 2020-2021.
Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.	Til ársins 2010 voru viðmið um árangur 90% ánægja foreldra í viðhorfakönnunum. Erfiðara og erfiðara reyndist að ná svörun með svo tíðri mælingu. Matsteymi leggur til viðmið um árangur í hverju sviði og undirþáttum þeirra eins og við á.	Janúar 2019.	Maí 2019.	Matsteymi.	Innra mat 2020-2021.

Setja tímasetningar í umbótaáætlun.	Tímasetningar verða settar í umbótaáætlun.	Nóvember 2019.	Nóvember 2019.	Matsteymi.	Innra mat 2020-2020.
Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð.	Umbótaáætlun borin formlega undir skólaráð og það tímasett í starfsáætlun skólaráðs.	Desember 2019.	Desember 2019.	Matsteymi.	Innra mat 2020-2021.
Gera þarf innramatsáætlun til eins árs.	Þriggja ára matsáætlun skólans römmuð inn fyrir hvert skólaár.	Janúar 2019.	Janúar 2019.	Matsteymi.	Innra mat 2020-2021.

Læsi

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – ef við á					
Huga að ólíkum árangri kynjanna í lestri (sbr. PISA 2003, 2006, 2009, 2012)	Læsisteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	Janúar 2019.	Janúar 2019.	Læsisteymi.	Innra mat 2019-2020.
Huga að þjálfun í hraðlestrartækni á unglungastigi.	Læsisteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	Janúar 2019.	Janúar 2019.	Læsisteymi.	Innra mat 2019-2020.
Gera ráð fyrir skólabókasafni í skólahúsnaðinu.	Gert er ráð fyrir skólabókasafni í viðbyggingu við skólann.	Maí 2020.	September 2022.	Byggingarnefnd og matsteymi.	Innra mat 2022-2023.
Þjálfa nemendur í að setja sér markmið í lestri.	Læsisteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	Febrúar 2019.	Mars 2019.	Læsisteymi.	Innra mat 2019-2020.
Setja inn í lestrarstefnu reglulegar mælingar á lesskilningi.	Læsisteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	Febrúar 2019.	Mars 2019.	Læsisteymi.	Innra mat 2019-2020.

Foreldrakönnun 2019

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Foreldrakönnun 2019					
Auka vægi list- og verkgreina.	Ný viðmiðunarstundaskrá var gerð fyrir skólann vorið 2019. Þar er lögbundin kennsla í list- og verkgreinum tryggð. einnig skoðað að setja list- og verkgreinar fast á stundaskrá óháð vali í stað bundins vals.	Maí 2019.	Júní 2019.	Skólastjóri.	Innra mat 2019-2020.
Foreldrar telja að nemendum líði ekki eins vel í skólanum og áður.	Bera saman við niðurstöður eineltiskönnunar og líðanviðtöl.	Janúar 2020.	Maí 2020.	Læsisteymi og eineltisteymi.	Innra mat 2020-2021.
Leyfi starfsmanna.	Samþykktar hafa verið reglur um leyfi starfsmanna.	Nóvember 2019.	Nóvember 2019.	Skólaráð.	Innra mat 2019-2020.
Minni ánægja með úrvinnslu eineltismála.	Bera saman við niðurstöður eineltiskönnunar og líðanviðtöl. Eineltisteymi fari yfir verklag.	Febrúar 2019.	Mars 2019.	Eineltisteymi.	Innra mat 2019-2020.
Setja inn í lestrarstefnu reglulegar mælingar á lesskilningi.	Læsisteymi skilar tillögum að verklagi. Endurskoðun læsisstefnu.	Febrúar 2019.	Mars 2019.	Læsisteymi.	Innra mat 2019-2020.
Mæting og skólaforðun nemenda.	Ráðinn ráðgjafi á Fjölskyldusvið Húnabings vestra.	Ágúst 2019.	Júní 2020.	Fjölskyldusvið Húnabings vestra.	Innra mat 2020-2021.
Nemendur sem vilja fara hraðar í námi fá ekki mikil tækifæri til þess.	Nýta classroom markvisst til að ramma inn námið svo nemendur viti hvaða færni þarf að ná til að halda áfram. Mjög sýnilegt verði hvað þarf að gera til að halda áfram í námi –	Janúar 2020.	Maí 2020.	Matsteymi og skólaráð.	Innra mat 2020-2021.

	flýta fór. Skólanámskrá kveði skýrt á um þessi atriði.				
Skólalóð þarfnað endurbóta.	Unnið samhliða viðbyggingu. Lóðahönnuðir nýta hugmyndavinnu nemenda sem skiluðu allir inn teikningum af lóð.	Apríl 2019.	Maí 2020.	Byggingarnefnd.	Innra mat 2020-2021.
Staðsetningu mótneytis.	Viðbygging leysir staðsetningu mótneytis.	Janúar 2019.	Ágúst 2023	Byggingarnefnd.	Innra mat 2023-2024.
Upplýsingar um nám og stöðu barna í námi.	Vinna við námsmat og skólanámskrá tekur á þessum þætti.	Janúar 2020.	Maí 2020.	Matsteymi.	Innra mat 2019-2020.
Virkni foreldra í námi barna sinna er marktækt minni en á landsvísu.	Skoða hvort áherslur skólans um heimanám séu hluti af skýringunni og skoða lestur.	Janúar 2020.	Maí 2020.	Matsteymi.	Innra mat 2019-2020.